

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-025-V01	Svæðisskipulag Suðurland 2022 - 2042	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
05.05.2023	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
25	Yfirferð yfir tillögu að svæðisskipulagi ásamt fylgiritum, umhverfismatsskýrslu og landslagsgreiningu	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
05.05.2023 HB/BG	SASS	Fjarfundur
FUNDARMENN		FYRIRTÆKI
Árni Eiríksson Nanna Jónsdóttir, Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir Gerður Stefánsdóttir Björn Kristinn Pálmarsson Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason, Herbert Hauksson Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gissurarson Anton Kári Halldórsson, Bjarki Oddson Einar Freyr Elínarson		Flóahreppur Ásahreppur Bláskógabyggð Skeiða- og Gnúpverjahreppi Grímsnes- og Grafningshr. Hrunamannahreppur Skaftárhreppur Rangárþing eystra Mýrdalshreppur
Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir Bjarni Guðmundsson		Verkfræðistofan EFLA SASS
Dreifing		Fyrirtæki
Bjarni Guðmundsson Fundarskjöl		SASS Næsti fundur
Tillaga að svæðisskipulagi Suðurland með fylgiritum; umhverfismatsskýrslu og skýrslu um landslagsgreiningu.		Ekki dagsettur

Dagskrá og efni fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 24. fundar og telst hún samþykkt.

1. Tillaga að svæðisskipulagi

Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:

- Svæðisskipulag Suðurrhálendis 2022-2042, greinargerð. Tillaga til auglýsingar dags 05.05.2023
- Fylgirit svæðisskipulagsins:
 - Svæðisskipulag Suðurrhálendis 2022-2042. Forsendur og umhverfismatskýrsla. Tillaga í auglýsingu, dags. 05.05.2023.
 - Svæðisskipulag Suðurrhálendis 2022-2042. Landslagsgreining og mat á verndargildi, dags 05.05.2023

Tillagan og fylgigögn hafa verið kynnt fyrir almenningi og hagaðilum og send til umsagnaraðila. Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirfarið umsagnir sbr. fundargerð 24. fundar. Fyrir yfirstandandi fundi liggur uppfærð tillaga með fylgigögnum að lokinni kynningu og lagfæringum í samræmi við samantekt umsagna og tillögur um viðbrögð við þeim sbr. fundargerð 24. fundar.

Svæðisskipulagsnefnd leggur til, með tilvísan í 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, að sveitarstjórnir Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps og Árborgar samþykki svæðisskipulagstillöguna með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar kynningar hennar.

Í kjölfar samþykktar sveitarstjórna verður svæðisskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. framangreindar lagagreinar. Ef ekki berast athugasemdir frá Skipulagsstofnun, innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst stofnuninni, verði tillagan og umhverfisskýrslan auglýst skv. 24. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Svæðisskipulagsnefnd þakkar sendendum kærlega fyrir ábendingar sem borist hafa á meðan tillaga að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið hefur verið til kynningar.

Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst að lokinni athugun Skipulagsstofnunar.